

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Flúða.

### 1. Almenn.

Verðskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Hitaveitu Flúða.

Skattur á smásöluverð á heitu vatni samkvæmt lögum um umhverfis- og auðlindaskatta og virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum um virðisaukaskatt bætast við gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur á hverjum tíma.

### 2. Varmaorka.

2.1 Fast gjald er háð afköstum rennslismælis en óháð töxtum að öðru leyti.

<i>Fast gjald á mæli</i>	<i>kr./dag</i>
Mælastærð DN 15	53,75
Mælastærð DN 20	66,10
Mælastærð DN 25	86,37
Mælastærð DN 32	109,05
Mælastærð DN 40	130,06
Mælastærð DN 50	217,05

Fasta gjaldinu er dreift niður á tímabil reikninga.

### 2.2 Rúmmetragjald

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetramælingu. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorku og/eða lækkun á hita vatnsins.

#### H 1. Almenn heitavatnsnotkun

Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslu.

<i>Sala um mæli</i>	<i>kr./m<sup>3</sup></i>
Rúmmetragjald skv. mælingu	96,15

#### H 2.

Taxtinn gildir fyrir iðnaðarfyrirtæki og landbúnað.

Atvinnufyrirtæki til framleiðslu	77,22
----------------------------------	-------

#### H 3.

Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir

Garðyrkja	34,89
-----------	-------

#### H4. Heimæðagjöld

Heimæðagjöld skiptast eftir málstærð heimtaugar.

<i>Heimæðagjöld – almenn</i>	<i>kr.</i>
Málstærð DN 20 mm	232.373
Málstærð DN 25 mm	286.243
Málstærð DN 32 mm	429.760
Málstærð DN 40 mm	857.997
Málstærð DN 50 mm	1.424.769

Heimæðagjöld fyrir stærri inntök en 50 mm skal reikna sérstaklega.

Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð, umfram 25 m er 1% af heimæðagjaldi.

Heimæðagjöld á svæðum þar sem ekki er hitaveita fyrir skal reikna sérstaklega.

<i>Heimæðagjöld – sumarhús</i>	<i>kr.</i>
20 mm	562.123
25 mm	1.005.820

Heimæðagjöld fyrir lengri heimæðar en 25 m skal reikna sérstaklega.

Heimæðagjöld á svæðum þar sem ekki er hitaveita fyrir skal reikna sérstaklega.

Þar sem heimæðagjöld og stofngjöld reiknast sérstaklega greiðast þau þannig að við upphaf verksins greiðist 65% af kostnaðaráætlun en 35% greiðist þegar lagningu er lokið.

3. *Önnur gjöld og ákvæði*

Gjald fyrir aukaálestur hjá notanda	2.574 kr.
Lokunargjald	5.004 kr.

Við stækkun atvinnuhúsnæðis skal semja sérstaklega um gjald vegna stækkunar á heimtaugum og aukningu á vatnsnotkun.

Þeir sem taka vatn gegnum gróðurhús til upphitunar á pökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fast gjald sem hér segir:

Fyrir hvern m <sup>3</sup> húsnæðis á mánuði	35,94 kr.
--	-----------

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er í veitustjórn þann 1. nóvember 2021 og síðan af sveitarstjórn Hrunamannahrepps 4. nóvember 2021 er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 1443/2020.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 21. desember 2021.*

F. h. umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra,

**Stefán Guðmundsson.**

*Magnús Dige Baldursson.*